

N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N Í S L A N D S

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 24. mars 2017
2017030012/42-8
TB
jgo/tb

Nýtingarleyfi á jarðhita við Skjálftavatn í Kelduhverfi, umsögn

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 3. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Orkuveitu Húsavíkur um leyfi til nýtingar á jarðhita í landi Landgræðslu ríkisins við Skjálftavatn í Kelduhverfi.

Í umsókninni kemur fram að Orkuveita Húsavíkur telur sig ekki þurfa að tilkynna nýtingu holunnar til Skipulagsstofnunar þar sem verið er að nýta rannsóknarholu sem ekki var talin matsskyld. Náttúrufræðistofnun telur eðlilegt þetta sé boríð undir Skipulagsstofnun áður en leyfi er veitt þar sem rannsóknarhola og nýting er ekki það sama. Skjálftavatn er innan svæðis 532 á náttúruminjaskrá, „Votlendi við Öxarfjörð, Kelduneshreppi, Öxarfjarðarhreppi, N-Pingeyjarsýslu. (1) Svæðið afmarkast af Lóni í vestri, Skjálftavötnum í suðri og þaðan að hreppamörkum við Núpsvatn. (2) Sjávarlón og gróðurmikil grunn vötn. Stararengjar, keldur og þornaðir árfarvegir. Mikið fuglalíf." Í ákvæði til bráðbirgða í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 segir meðal annars:....„Þar til ráðherra gefur út náttúruminjaskrá skv. 33. gr. skal gildandi náttúruminjaskrá halda gildi sínu en um minjar á skránni, aðrar en þær sem eru friðlýstar, skal fara samkvæmt ákvæðum 67. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, þar til endurmati verndargildis þeirra minja hefur verið lokið í samræmi við 3. tölul."

Virðingarfullst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

